

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 193/2018

2021/EES/15/21

frá 21. september 2018

**um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð-
og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/637 frá 20. apríl 2018 um breytingu á ákvörðun 2009/766/EB um samræmingu á tíðnisviðunum 900 MHz og 1800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita samevrópska, rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins að því er varðar viðeigandi tæknileg skilyrði fyrir Net hlutanna ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/766/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 D 0637:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/637 frá 20. apríl 2018 (Stjtið. ESB L 105, 25.4.2018, bls. 27).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/637, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 105, 25.4.2018, bls. 27.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.